

Deiliskipulag Háskóla Íslands, samþykkt í borgarráði 28.09 1999

Deiliskipulag Háskóla Íslands, samþykkt í borgarráði 28.09 1999 (hluti).



Tillaga að breytingu á deiliskipulag í ágúst 2011 (ath sama svæði og "hluti"), mkv. 1:2.000.

FORSENDUR:
Tjörnin og Vatnsmýrin er á náttúruminjaskrá og þar segir „ *(1) Tjarnir allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði*“.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Vatnsmýrin ásamt fleiri svæðum skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Við gerð deiliskipulags svæðanna eru eftirfarandi þættir sem njóta forgangs og hverfisverndar. Svæðin verði gerð aðgengileg fólki á látlausan hátt, svo sem með stígum og upplýsingaskiltum um sérstöðu þeirra. Allri mannvirkjagerð skal haldið í lámarki á hverfisverndarsvæðum. Við gerð deiliskipulags á grundvelli náttúrufarsúttekta verður metið í hverju tilfelli fyrir sig hvort leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar ef deiliskipulag kallar á framkvæmdir sem geta haft í för með sér rask á jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37 gr. laga um náttúruvernd.

Friðlandið í Vatnsmýri – Lifandi vettvangur vísinda, er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Norræna hússins og Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi texti er stutt samantekt á verkefninu sem jafnframt er kveikjan að þeirri breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands sem hér er kynnt.

Friðlandið í Vatnsmýrinni er einstakt svæði þar sem njóta má villtrar náttúru og fuglalífs í miðri höfuðborginni. Þar er griðarstaður fugla, vatnalífvera og gróðurs, votlendi sem á að geta verið sjálfbært um hreinleika og endurnýjun. Rannsóknir á lífríki Vatnsmýrarinnar hafa sýnt að því fer hnignandi, en að jafnfram megi með tiltölulega einföldum aðgerðum bæta ástandið og stuðla þannig að endurbótum þessarar náttúruperlu í miðri borg.

Sérfræðingar á sviði vatnalífræði, umhverfis- og skipulagsfræða, grasafræði og fuglafræði hafa komið að undirbúningi og ráðgjöf um framkvæmd verkefnisins. Fela tillögur um aðgerðir til endurbóta á svæðinu meðal annars í sér að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland, uppræta ágengar plöntur og endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu.

Árið 2011 taka Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg höndum saman um endurbætur á friðlandinu og markar aldarafmæli HÍ upphaf verkefnisins sem ætlað er að taki nokkur ár. Markmiðið er að endurheimta votlendið, auka áhuga á náttúru Vatnsmýrarinnar og efla vitund um verndun náttúrusvæða innan og utan borgarmarkanna. Megináhersla er lögð á að nýta friðlandið sem lifandi vettvang fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning.

BREYTING Á DEILISKIPULAGI:
Í gildandi deiliskipulagi Háskóla Íslands sem samþykkt var í borgarráði 28.09. 1999 var gert ráð fyrir tjörn sem náði frá Norræna húsinu og skáhalt að Sæmundargötu. Megin breyting á deiliskipulaginu felst í eftirfarandi þáttum:

- Að tjörnin vestan við núverandi tjörn við Norræna húsið verði felld niður en í staðinn komi síki sem tengist núverandi síki umhverfis friðlandið.
- Svæðið sem var ætlað fyrir tjörn verður m.a. meðhöndlað sem hluti friðlandsins.
- Búsetuskilyrði fugla í svæðinu verður bætt með því að stækka votlendissvæði innan friðlandsins.
- Með árunum hafa tekið sér bólfestu tegundir sem taldar eru óæskilegar og þarf að hamla frekari útbreiðslu þeirra og um leið útrýma tegundum, s.s. þistli.
- Að bæta umferð og dvöl á svæðinu með stígagerð, upplýsingaskiltum, fuglaskoðunarhúsi og gera tjörnina við Norræna húsið aðgengilegri.
- Lóðamörk umhverfis Norræna húsið skilgreind.

SKILMÁLAR
Norræna húsið er eina byggingin innan deiliskipulagsins. Bygginganefndarteikningar gilda sem skilmálar fyrir húsið.

Fuglahús verður staðsett í síkinu að vestanverðu tengt með brú á vesturbakkann og skal staðsetja það innan byggingareitsins. Húsið og bryggjan verða byggð úr timbri. Til að þjóna hlutverki sínu verður húsið lokað af en með útsýnisgluggum á þrjá vegu. Hámarkshæð hússins frá brúargólfi skal ekki vera hærra en 3,5 m. Við litaval skal miðað við að húsið verði ekki mjög áberandi og því skal forðast skæra liti.

Upplýsingaskilti verður komið fyrir á fjórum stöðum með upplýsingum um náttúru og sögu svæðisins.

UMHVERFISSKÝRSLA:
Gróður og fuglalíf. Vatnsmýrin er á náttúruminjaskrá og tillögur um verndun svæðisins hafa miðast við að viðhalda þar góðum aðstæðum til varps fyrir tjarnarfuglana. Að undanskildu mýrlendinu eru ekkert gróðurlendi þar upprunalegt og því ekki verið að varðveita einstök, gömul gróðurhverfi eða sjaldgæfar tegundir plantna. Frá sjónarmiði friðunar er því engin hindrun í vegi fyrir því að gera þær breytingar sem gætu aukið fjölbreytni og skapað aðstæður fyrir sem flestar tegundir fugla til að verpa þar.

Vatnafar. Ljóst er að umhverfisáhrif við gerð tjarnar samkvæmt gildandi deiliskipulagi er mun meiri heldur en tillaga að breytingu hefur í för með sér. Samkvæmt athugunum á áhrifum tjarnarinnar á vatnsbúskap Reykjavíkurtjarnar reiknast umtalsverður leki úr tjörninni sem hefði áhrif til hækkunar á grunnvatnsborði á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar skv. umsögn dags. 11. apríl 2011 eru ekki líkur á að verndargildi Vatnsmýrarinnar skerðist við umræddar framkvæmdir, heldur muni það frekar aukast með endurheimt votlendisins og þeim þáttum sem því fylgja. Stofnunin telur þó mikilvægt að ekki verði fluttar framandi tegundir inn á svæðið og að settjarnir verði vaktaðar og hreinsaðar reglulega.

UMSAGNARAÐILAR:
Eftirtaldir sérfræðingar hafa fengið málið til umsagnar;

- Hilmar J. Malmquist, doktor í vatnavistfræði, Náttúrufræðistofu Kópavogs.
- Hlynur Óskarsson, doktor í vatnavistfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Hrund Ólöf Andradóttir, doktor í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands.
- Ingibjörg Svala Jónsdóttir, doktor í plöntuvistfræði við Háskóla Íslands.
- Kristín Lóa Ólafsdóttir, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- Ólafur Karl Nielsen, doktor í vistfræði við Náttúrufræðistofu Íslands.
- Sigríður Kristjánsdóttir, doktor í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
SKIPULAGSRAÐI
þann 17. ágúst 2011 og
í BORGARRÁÐI
þann 25. ágúst 2011

Tillagan var auglýst frá 31. ágúst 2011
með athugasemdafresti til 12. okt. 2011.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20_.

Ólöf Örvarsdóttir

BR.	DAGS.	BREYTING	TEIKN.

REYKJAVÍK
Skipulags- og byggingarsvið
BORGARTÚNI 12-14
skipulag@reykjavik.is

LANDMÓTUN
Landmótun sf. teiknistofa landslagsarkitekta
Hamraborg 12, 200 Kópavogur
s: 575 5300 f: 554 5360
Netfang landmotun@landmotun.is

Háskóli Íslands/Deiliskipulag
Breyting á deiliskipulagi vegna niðurfellingar á tjörn

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu

KVARÐI 1: 2.000 DAGS. 20.06.2011 SKIPULAGT: YÞL TEIKNAÐ:MÓ
VERKNR. 0000-DU1101 TEIKN.nr. DU-01 Br.